

Lög

Foreldrafélags Laugarnesskóla



1. gr.

Félagið heitir Foreldrafélag Laugarnesskóla og er heimili þess í Reykjavík

2. gr

Í félaginu eru allir forráðamenn nemenda í Laugarnesskóla.

3. gr.

Markmið félagsins eru að stuðla að heill og hamingju nemenda í Laugarnesskóla með því að:

- Styðja skólann og skólastarfið í heild.
- Vera innbyrðis samtarfsvettvangur forráðamann sem eiga börn í skólanum.
- Efla og tryggja gott samstarf forráðamanna og starfsfólks skólans.
- Styðja heimili og skóla við að skapa nemendum góð uppeldis- og menntunarskilyrði.
- efla almennt félagstarf og umræður um skóla- og uppeldismál.
- Leggja skólanum lið í að næta aðstöðu til náms og félagsstarfs.
- Styðja við lista- og menningarstaf innan skólans.

4. gr

Unnið skal að markmiðum félagsins með því að:

- fylgjast með skólastarfi á reglulegum fundum með skólastjórnendum.
- Stuðla að auknum kynnum barna, forráðamanna og starfsmanna skólans.
- Kynna sér kennsluhætti og uppeldismarkmið skólans, til dæmis með starfi **skólaráðs**.
- Koma á umræðu- og fræðslufundum um uppeldis- og skólamál.
- Skipa bekkjarfulltrúa í hverja bekkjardeild.
- Bekkjarfulltrúar skipuleggi og undirbúi bekkjarkvöld sem eru sameiginleg með nemendum, forráðamönnum og kennurum hinna einstöku bekkja.
- Standa fyrir upplýsingamiðlun til forráðamanna m.a. með útgáfu fréttabréfs.
- Standa fyrir félags-, lista- og menningarstarfi innan skólans.
- Taka þátt í samstarfi við önnur foreldrafélög og samtök þeirra.
-

5. gr

Stjórn foreldrafélagsins er skipuð sjö aðalmönnum og tveimur varamönnum. Stjórnin skal skipuð formanni, ritara, gjaldkera og tveimur meðstjórnendum. Ritari gegnir jafnframt hlutverki varaformanns. Stjórnarmenn skipta með sér verkum *á fyrsta stjórnarfundum sem haldinn skal eigi síðar en 7 dögum e. aðalfund*. Stjórnin skal kosin til tveggja ára í senn, fjórir stjórnarmenn annað árið og þrír hitt árið.¹ Varamenn skulu kosnir til eins árs í

¹ Breytingartillaga samþykkt á aðalfundi þann 25. september 2012.

senn. Kjósa skal 2 skoðunarmenn reikninga. Einfaldur meirihluti ræður úrslitum í öllum málum.

6. gr

Á aðalfundi skal kjósa 2 fulltrúa úr hópi foreldra í Skólaráð til tveggja ára og jafnmarga til vara. *Annar varamaðurinn kemur úr hópi stjórnar foreldrafélags.*² Skólaráð starfar samkvæmt lögum um grunnskóla nr. 91/2008.

7. gr

Aðalfund félagsins skal halda eigi síðar en október ár hvert. Til fundarins skal boðað með að minnsta kosti sjö daga fyrirvara. Á fundinum skulu fara fram venjuleg aðalfundarstörf auk annarra mála sem kynnt skulu í fundarboði.

8. gr.

Stjórn foreldrafélagsins er heimilt að skipa nefndir um afmörkuð viðfangsefni. Stjórnin setur nefndum verkáætlun í samráði við þær.

9. gr.

Í upphafi skólaárs skal á námskynningu kjósa 2 fulltrúa forráðamanna úr hverri bekkjardeild. Hlutverk þeirra er að efla og styrkja samstarf forráðamanna, skipuleggja bekkjarheimsóknir og félagsstarf innan bekkjardeilda og leitast við að treysta samband heimilis og skóla innan hvernar bekkjardeildar. Bekkjarfulltrúar mynda fulltrúaráð foreldrafélagsins. Stjórn félagsins setur bekkjarfulltrúm starfsreglur.

10. gr.

Fulltrúaráð skal koma saman eigi sjaldnar en tvisvar á skóla árinu. Stjórn félagsins undirbýr og boðar til funda þess. Þar skulu rædd mál er varða markmið og starf foreldrafélagsins, starf forráðamanna í bekkjardeildum og verkefni foreldraráðs.

11. gr

Stjórn félagsins getur sinnt ágreiningsmálum sem upp kunna að koma og varða starfssvið eða félagsmenn þess. Stjórnin getur beitt sér að lausn þeirra meðal annars með því að koma þeim á framfæri við rétta aðila.

12. gr

Lögum þessum má aðeins breyta á aðalfundi, enda sé það tilkynnt í skriflegri fundarboðun með minnst sjö daga fyrirvara. Aðalfundur er löglegur sé til hans boðað.

Lög þessi voru samþykkt á aðalfundi 25. september 2012

² Breytingartillgaga samþykkt á aðalfundi þann 25. september 2012.